



Æskulýðsstarf 2006



Óvissuferð 20. apríl 2006

Efnisyfirlit :

<i>Æskulýðsnefnd Mána.....</i>	<i>3</i>
<i>Vefsíða æskulýðsdeildarinnar.....</i>	<i>4</i>
<i>Bloggsíða æskulýðsdeildarinnar.....</i>	<i>5</i>
<i>Kynningarfundur.....</i>	<i>6</i>
<i>Idol partý unglunga og ungmenna.....</i>	<i>6</i>
<i>Skemmtikvöld barna.....</i>	<i>7</i>
<i>Fræðslufundur með Trausta Þór.....</i>	<i>7</i>
<i>Árshátíð unglunga og ungmenna.....</i>	<i>7</i>
<i>Leikjadagur og pylsupartý.....</i>	<i>8</i>
<i>K. Steinarsson mót.....</i>	<i>9</i>
<i>Æskan og hesturinn.....</i>	<i>10</i>
<i>Páskabingó.....</i>	<i>11</i>
<i>Félagsgallar.....</i>	<i>11</i>
<i>Fjölskyldureiðtúr.....</i>	<i>12</i>
<i>Fjáröflunardagur.....</i>	<i>12</i>
<i>Vetrarslútt.....</i>	<i>13</i>
<i>Reiðnámskeið.....</i>	<i>14</i>
<i>Landsmót.....</i>	<i>14</i>
<i>Óvissuferð.....</i>	<i>15</i>
<i>Myndir frá starfi vetrarins.....</i>	<i>17</i>
<i>Annað:</i>	
<i>Hestakerrur.....</i>	<i>20</i>
<i>Merkingar á reiðvegum.....</i>	<i>20</i>
<i>Sjónvarp og DVD.....</i>	<i>21</i>
<i>Reiðskóli.....</i>	<i>21</i>
<i>Góður fjárhagur.....</i>	<i>21</i>

Æskulýðsnefnd Mána

Æskulýðsstarf Mána var virkilega skemmtilegt, gefandi og fjölbreytt þennan veturinn. Æskulýðsnefndin lagði fram þéttskrifaða dagskrá með mörgum nýungum s.s. polla, barna, unglunga og ungmenna töltnóti, Idolkvöldi, betra upplýsingaflæði með vefsíðu og bloggsíðu æskulýðsdeildar. Þar sem æskan er undirstaða og rót hvers hestamannafélags koma æskulýðsnefndarmenn að mörgum málum tengdum félaginu s.s. reiðnámskeiðum, sýningum, keppnum, styrkjasöfnun og ýmsum öðrum málum. Og með hjálp bæði félagsmanna og fyrirtækja á svæðinu varð æskulýðsnefndinni kleift að halda úti metnaðarfullu og árangursríku starfi þar sem allir höfðu gaman af, ungir sem aldnir.

Æskulýðsnefndina skipa :


Gunnar Pétur Róbertsson
Guðbergur Reynisson
Bryndís Líndal Arnbjörnsdóttir
Hrefna Mjöll Kristvinsdóttir

Vefsíða æskulýðsdeildarinnar

Æskulýðsnefndin hannaði og opnaði nýja og glæsilega vefsíðu sérstaklega fyrir æskulýðsdeildina sem stórlega bætti upplýsingaflæði til æskunnar. Þarna geta krakkar og foreldrar t.d. fengið allar þær upplýsingar um dagskrá og uppákomur nefndarinnar, nöfn og símanúmer allra krakka í félaginu, myndir og frásagnir frá öllum uppákomum, tenglar og leikjasíður, úrslit móta og margt margt fleira. Vefsíðan var mjög virk allan veturinn og fékk hún mörg þúsund heimsóknir á tímabilinu.

Slóðin á síðuna er :

<http://mani.is/aeskulydsdeild/index.htm>



Heimasíða æskulýðsdeildar Mána stofnuð í janúar 2006

Bloggsíða æskulýðsdeildarinnar

Samhliða nýrri vefsíðu æskulýðsdeildarinnar var komið á fót bloggsíðu þar sem krakkarnir gátu spjallað saman, sett inn auglýsingar, tekið þátt í skoðanakönnunum og komið sínum skoðunum á framfæri.

Bloggsíðan var mjög virk og fékk hún tæplega 7.000 heimsóknir á tímabilinu. Æskulýðsnefndin hélt einnig úti bloggsíðu fyrir fullorðna sem fékk álíka margar heimsóknir. Greinilegt er að þessar þrjár netsíður (vefsíða æskunnar og bloggsíðurnar tvær) vantaði í félagsstarfið og eru þær komnar til að vera.

Slóðin á bloggsíðu æskunnar er :

<http://www.blog.central.is/mani1>



Bloggsíða æskulýðsdeildar Mána stofnuð í janúar 2006

Slóðin á bloggsíðu fullorðinna er :

<http://blog.central.is/hmfmani/index.php>

Kynningarfundur

Starfið hófst á vel heppnuðum og fjölmönnum kynningarfundum í félagsheimili Mána. Á fundinum var kynnt dagskrá vetrarins sem var óvenju fjölbreytt og margar nýningar. T.d. voru kynntar skráningar á reiðnámskeið og sýninguna Æskan og hesturinn. Þar voru einnig kynntar til sögunnar ný vefsíða og bloggsíða æskulýðsdeildarinnar og nýir nefndarmenn kynntir til leiks. Allir sem mættu fengu óvænta glaðninga og veitingar í boði æskulýðsnefndar. Haft var á orði að sjaldan eða aldrei hefði mæting á fund verið eins góð í upphafi vetrar og var greinilega mikill áhugi hjá krökkunum fyrir starfi vetrarins.

Idolpartý unglunga og ungmenna

Idolpartý unglunga og ungmenna var haldið í félagsheimili Mána föstudagskvöldið 27. janúar. Krakkarnir horfðu á Idol í beinni útsendingu, borðuðu pizzur og snakk, fóru í leiki og sungu í singstar. Nefndarmenn tóku þátt í leikjum og söng og höfðu allir gaman af.



Idol partý unglunga og ungmenna.

Skemmtikvöld barna

Skemmtikvöld polla og barna var haldið fimmtudagskvöldið 2. febrúar í félagsheimili Mána. Það er alveg hægt að segja að börnin kunna að skemmta sér og mætingin verulega góð. Þarna mættu 25 börn á aldrinum eins árs og upp í 13 ára. Börnin fóru í leiki og snæddu pizzur og snakk. Þetta var frábært skemmtikvöld sem heppnaðist í alla staði mjög vel og fannst æskulýðsnefndinni gaman að vera með svo áhugasömum börnum þetta kvöld.

Fræðslufundur með Trausta Þór

Æskulýðsnefndin bauð upp á fræðslufund 23. febrúar með hinum frábæra Trausta Þór. Krökkunum var skipt upp í tvo hópa, pollar og börn saman og unglingar og ungmenni saman. Trausti Þór fór á kostum og náði mjög vel til krakkanna. Hann fræddi þau um allar hliðar hestamennskunnar. Krakkarnir höfðu gagn og gaman af þessum fræðslufundi og krökkunum var boðið upp á gos og meðlæti á meðan á fræðslunni stóð.

Árshátíð unglunga og ungmenna

Árshátíð unglunga og ungmenna var haldið hjá hestamannafélaginu Fákí föstudagskvöldið 24. febrúar. Flestir unglingar og ungmenni Mána fjölmenntu á árshátíðina og skemmtu sér konunglega.

Leikjadagur og pylsupartý

Sunnudaginn 26. febrúar var haldinn leikjadagur í reiðhöllinni. Það má með sanni segja að þetta hafi verið góður og skemmtilegur dagur. Mætingin var alveg frábær eða hátt í 40 börn á aldrinum eins árs og upp í 20 ára. Allir skemmtu sér konunglega, farið var í marga leiki m.a. skeifukast, boðhlaup, fótbolta og margt margt fleira. Eftir allan hamaganginn bauð æskulýðsdeildin öllum upp á grillaðar pulsar, kex, kleinur og öl. Krakkarnir voru svo ánægðir með daginn að þau báðu um annan svona dag og ætlaði æskulýðsnefndin að verða að ósk krakkanna en þar sem dagskrá vetrarins var svo þétt setin fannst enginn annar dagur til að halda annan svona dag og ætlum við að verða að ósk krakkanna á komandi vetri.



Leikjadagurinn í reiðhöllinni

K. Steinarsson mótið


Eitt af því sem stendur uppúr í vetrarstarfinu er fyrsta og flottasta tölmtót polla, barna, unglunga og ungmenna á Mánagrundinni. Mót þetta var í boði K. Steinarssonar, en æskulýðsnefndin stofnaði þetta mót og er búin að gera samning við K. Steinarsson til fjögurra ára, Svo að þetta mót er svo sannarlega komið til að vera. Skráningin var alveg frábær eða 37 skráningar. Þetta mót var lokað en við fengum þó nokkrar hringingar frá öðrum félögum sem vildu fá að taka þátt, en þar sem þetta var okkar fyrsta tilraun vildum við byrja á því að hafa þetta mót lokað, en hver veit hvert framhaldið verður. Eins og áður er getið var þetta hreint út sagt glæsilegt mót. Veittur var verðlaunabikar í 5 efstu sætin í hverjum flokki og verðlaunabikar fyrir 5 efstu sætin í pollaflokki 1. Pollaflokkurinn var þrískiptur s.s. pollaflokkur 1, 2 og 3. Öllum pollum og börnum var veittur þáttökubikar og fór það frábærlega fram. Tekið var eftir því eftir mótið að krakkarnir tvíefldust í hestamennskunni og bíða spennt eftir næsta móti. Einnig var veittur stór og glæsilegur farandbikar fyrir glæsilegasta parið. Margir foreldrar og börn komu til æskulýðsnefndarinnar tila að þakka fyrir glæsilegt mót og gladdi það æskulýðsnefndina mjög mikið. En það eru nú samt krakkarnir í Mána sem helst ættu hrós skilið því án þeirra hefði ekki verið hægt að halda svona flott mót.



Glaðir pollar með bikarana sína

Æskan og hesturinn

Stórsýningin Æskan og hesturinn var haldin helgina 11 – 12 mars. Sýningin heppnaðist mjög vel og átti hestamannafélagið Máni 24 börn á sýningunni. 14 börn tóku þátt í skrautsýningunni og kallaði hópurinn atriðið sitt James Bond. Atriðið var hið glæsilegasta og fékk æskulýðsnefndin Snorra Ólason og Hrönn Ásmundsdóttur til að stjórna sýningu barnanna. Æskulýðsdeildin keypti búninga á börnin og var hann sér saumaður fyrir atriðið. Í grímureiðina fóru svo 9 börn frá Mána og voru búningarnir glæsilegir og fór ekki á milli mála að þarna hafði verið lögð mikil vinna í búninga. Haldnar voru æfingar fyrir pollana til að þjálfra þau og hestana í að ríða í búningum. Einnig átti Máni 2 ungmenni í atriðinu heims- og íslandsmeistarar og voru það þær Elva Margeirsdóttir og Camilla Petra Sigurðardóttir. Æskulýðsnefndin sá alfarið um allan undirbúning Mánakrakkanna fyrir þessa sýningu. Hélt nefndin nokkra fundi og fóru nefndarmenn að auki til Reykjavíkur 2 sinnum í mánuði á fundi vegna skipulagningar á sýningunni.



Mána polli tilbúinn í pollareið



James Bond hópurinn



Elva og Camilla tilbúnar í heims- og Íslandsmeistarar sýninguna

Páskabingó

Páskabingó æskulýðsdeildarinnar var haldið þriðjudaginn 11. apríl. Þetta var án efa best sóttu páskabingó Mána hingað til. Um 70 félagsmenn sóttu bingóið og bauð æskulýðsnefndin upp á kaffi, djús og kex. Æskulýðsnefndin fékk 51 páskaegg frá frábærum stuðningsmönnum, þeim Skúla Skúlasyni og Guðna Grétarssyni frá Kaskó og Samkaupum. Páskabingóið hefur verið árlegur viðburður æskulýðsdeildarinnar. Þetta kvöld heppnaðist rosalega vel og voru allir ánægðir.

Félagsgallar

Æskulýðsnefndin var dugleg að safna styrkjum í vetur. Við fengum Lýsingu, Nesprýði og Húsanes til að gefa öllum virkum krökkum sem skráð eru í hestamannfélaginu Mána vindjakka og buxur. Gallarnir voru merktir þessum styrktaraðilum. Þetta voru 52 gallar samtals sem voru gefnir og voru krakkarnir að sjálfsögðu himinlifandi með þetta. Svo seldi æskulýðsnefndin fullorðnum svona galla líka en þeir voru að sjálfsögðu ekki merktir styrktaraðilunum.

Fjölskyldureiðtúr

Fjölskyldureiðtúrin á vegum æskulýðsdeildarinnar var laugardaginn 13. maí. Við fengum alveg yndislegt veður, sól og blíðu. Lagt var af stað frá reiðhöllinni kl 12 og riðið út í Leiru. Þegar þangað var komið voru grillaðar pulsar sem æskulýðsnefndin bauð uppá. Svo var farið í marga góða leiki í blíðunni og svo riðið til baka. Ferðin tókst alveg svakalega vel enda ekki við neinu öðru að búast þegar þessi frábæri hópur kemur saman.

Fjáröflunardagur

Æskulýðsnefndin fékk úthlutað skemmtilega fjáröflun. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli greiddi æskulýðsdeildinni 100.000 kr fyrir að þrifa ruslið í kringum flugbrautina. Eftir hreinsunina bauð Flugmálastjórn öllum í grillaða hamborgara og pulsar. Ekki var mjög góð mæting okkar félagsmanna í þessa fjáröflun og var æskulýðsnefndin frekar svekt að sjá hve fáir foreldrar mættu til að aðstoða börnin sín eða hvöttu börnin til að taka þátt í þessum degi. En þau börn sem mættu stóðu sig með prýði og höfðu gaman af það voru greinilega mörg góð efni í sorptæknifræðinga í hópnum. Það er stefna okkar í æskulýðsnefndinni að hafa fjáröflunardag á hverju ári og vonumst við eftir betri mætingu foreldra á komandi árum.



Vetrarslútt

Við enduðum veturinn á skemmtilegu slútti sunnudaginn 28. maí. Við komum öll saman við Seltjörnina og settum saman veiðistangir og fórum að veiða. Þetta er skemmtilegur pollur með fullt af silungi í. Veiðileyfið var í boði Reykjanesbæjar. Þegar búið var að draga nokkra silunga að landi var rölt upp í Sólbrekkuskóg. Þar bauð æskulýðsnefndin krökkunum upp á grillaða hamborgara og pulsar. Svo fóru allir í skemmtilega leiki og sumir röltu um skóginn í leit af kaninum. Veðrið lék við okkur, sól og blíða. Þarna áttum við alveg yndislegan og skemmtilegan dag enn og aftur með þessum frábæra hópi og kvöddum vetrarstarfið með tilhlökkun á nýju vetrarstarfi á næsta ári.



Veiðistangirnar settar saman



Flottur silungur



Allir svangir eftir veiðina



Unglingarnir komnir í fótbolta

Reiðnámskeið

Æskulýðsnefndin tók að sér að sjá alfarið um reiðnámskeiðin þetta árið og rann hagnaður námskeiðanna beint til æskulýðsdeildarinnar. Æskulýðsnefndin var virkilega ánægð að fá að taka þetta að sér þar sem hún sá hagnað renna til barnanna í félaginu og ætlar æskulýðsnefndin að óska eftir þessu aftur á næsta ári.

Landsmót

Landsmót hestamanna var haldið dagana 26 júní - 02 júlí eins og öllum er kunnugt. Máni fékk 4 fulltrúa inn á Landsmótið í hverjum flokki. Krakkarnir frá Mána stóðu sig afskaplega vel þetta árið eins og flest önnur ár. Flest krakkanna náðu úrslitum. Þær sem stóðu efstar voru Jóhanna Margrét Snorradóttir í öðru sæti í barnaflokki og Camilla Petra Sigurðardóttir í þriðja sæti í ungmennaflokki. 5 börn tóku þátt í fánareidinni á Landsmótinu. Sigurður Sigurðsson var fenginn til að þjálf krakkana bæði fyrir úrtöku og fyrir Landsmótið sjálft. Sigurður Kolbeinsson var liðstjóri krakkanna. Krakkarnir voru teknir upp á video á einni æfingunni og svo var farið inn í félagsheimili með allan hópinn, horft á upptökurnar og borðaðar pizzur. Krakkarnir sáu um sjoppuna í úrtökunni og fengu þau allan ágóðan og var haldin grillveisla á tjaldsvæðinu fyrir allan hópinn þegar komið var á Landsmót.

Krakkarnir frá Mána hafa verið dugleg að sækja mót hjá öðrum félögum í vetur og á Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna í sumar og gengið mjög vel.

Óvissuferð

Óvissuferð Æskulýðsdeildar Mána heppnaðist alveg frábærlega og var þetta alveg magnaður hópur af börnum, unglingum og ungmennum eða um 40 krakkar í allt. Lagt var af stað frá félagsheimilinu kl 8:30 og var ferðinni haldið austur. Mikill spenningur var í krökkunum því að þetta var sannkölluð óvissuferð. Það fékk enginn að vita neitt fyrr en komið var á áfangastað. Það var mikið spáð og spekúlerað hvert væri verið að fara og sá Æskulýðsnefndin líka um það að rugla svolítið í þeim svo að enginn áttaði sig á hvert væri verið að fara. Ferðinni var haldið á Stokkseyri og var m.a. eitt platið á leiðinni þangað að við værum að fara á Litla hraun og skoða það. Við beygðum inn á planið eins og við værum að fara þangað inn og það voru allir orðnir mjög spenntir að fá að kíkja inn í fangelsið og svo heyrðist bara ohhh... þegar við héldum áfram. En það var fljótt að gleymast þegar við vorum komin á fyrsta áfangastaðinn sem var Draugasetrið á Stokkseyri. Krakkarnir voru yfirsig hrifnir og fóru margir fleiri en einn hring í gegn um setrið. Svo var ferðinni haldið austar og enn vissi enginn neitt. Við stoppuðum á tjaldsvæðinu á Laugarási og borðuðum hádegismat þar og svo var farið í fótbolta og einhverjir fóru á róluvöllinn. Farið var svo aftur upp í rútu og öllum sagt að spenna vel beltin því að nú væri löng leið framundan og að það væri bara gott að leggja sig aðeins. Keyrt var í 1/2 mínútu og þá var komið á næsta stoppi sem var dýragarðurinn Slakki í Laugarási. Þar voru 20 daga gamlir kettlingar, mýs, rottur, kanínur, fuglar og fleira. Einnig var farið í pútt, billjard og pílu. Allir fengu ís áður en farið var aftur á stað. Farið var enn austar og enginn vissi um næsta áfangastað fyrr en þangað var komið og var það bærinn Pula

hjá Daníeli Jónssyni. Daníel sýndi krökkunum hesthúsið og sagði þeim frá graðhestunum og hryssunum í húsinu. Ekki var einn geldingur í húsinu hjá honum. Ferðinni var haldið enn austar og var mikið sungið á leiðinni. Síðasti en ekki sísti áfangastaðurinn var Ármót hjá Hafliða Halldórssyni. Hann fór með krakkana um allt húsið og fræddi þau um starfið á Ármótum. Hafliði fékk að svara mörgum fróðlegum spurningum frá krökkunum. Svo var farið inn í veitingaskálan og þar beið krakkanna glóðaðir og gómsætir hamborgarar. Þetta borðuðu þau með bestu list og fóru svo upp í rútú og trölluðu alla leið heim en nokkrir voru líka orðnir þreyttir eftir langan dag og sváfu alla leiðina heim. Æskulýðsnefndin greiddi niður fyrir þessa ferð og þurftu krakkarnir ekki að borga nema 1.500 kr fyrir þessa flottu ferð og allt var innifalið í þessu verði.



Stuð í rútuni



Spenntir krakkar á Draugasetrinu



Hugrókk með rottu



Þóroddur var vinsæll hjá krökkunum

Ýmsar myndir frá starfi vetrarins



Óvissuferð - Daníel að fræða krakkana



Óvissuferð - margt að sjá á Ármótum



Óvissuferð - Hafliði að fræða krakkana



Óvissuferð - borðað á Ármótum



Skemmtikvöld barna



Skemmtikvöld barna



K. Steinarsson mótið



K. Steinarsson mótið – barnaflokkur



K. Steinarsson mótið – unglingaflokkur



K. Steinarsson mótið – pollaflokkur 1



K. Steinarsson mótið – pollaflokkur 2



K. Steinarsson mótið – pollaflokkur 3



K. Steinarsson mótið – ungmennafl.



K. Steinarsson mótið – fallegasta parið



Fjölskyldureiðtúr



Fjölskyldureiðtúr



Fjölskyldureiðtúr



Fjölskyldureiðtúr

Annað:

Hestakerrur

Æskulýðsnefndin setti inn á bloggsíður Mána tilkynningu um að biðja félagsmenn að færa hestakerrur sínar frá hesthúsunum sínum inn á svo til gerð stæði fyrir hestakerrur þar sem þetta skapaði hættu fyrir börn og fullorðna að ríða framhjá flöktandi svuntum á kerrunum í miklu roki. Fólk tók mjög vel í þetta og tóku allir sig saman og færðu kerrurnar sínar. Æskulýðsnefndin hafði svo samband við þá aðila sem virtust ekki hafa séð þetta á netinu og færðu þau einnig kerrur sínar.

Merkingar á reiðvegum

Eftir að grein birtist á netsíðu 847.is um slys vegna torfæruhjóla á reiðvegum Mána hafði Æskulýðsnefndin samband við Árna Sigfússon bæjarstjóra Reykjanesbæjar og bað hann að setja merkingar á reiðvegina um að bannað væri að keyra vegina á vélknúnum ökutækjum. Árni fór strax í málið og setti sinn mann Jóhannes Sigurðsson starfsmann Reykjanesbæjar í málið sem merkti flest allar reiðleiðir hestamannafélagsins. Umferð vélknúinna ökutækja hefur stórlega minnkað eða nánast horfið af reiðvegunum.

Sjónvarp og DVD tæki

Æskulýðsnefnd kom með hugmynd til ræktunarfélags Mána um gjöf til félagsins sem gæti orðið sjónvarp og DVD tæki. Ræktunardeildin tók vel í málið og gaf félaginu þessa gjöf, sjónvarpið nýttist æskulýðsdeildinni rosalega vel á skemmtikvöldum sem og öðrum upþákomum nefndarinnar.

Reiðskóli

Sumarreiðskóli var haldinn í sumar á Mánagrund og sóttu hátt í 200 krakkar námskeiðin.

Góður fjárhagur

Þegar æskulýðsnefndin hóf starf sitt í vetur var ekki mikil innistæða á bankabókinni eða einungis 14.000 kr. Þó að nánast allt sem gert var í vetur með krökkunum hafi verið frítt voru börnin og æskulýðsnefndin það dugleg að safna styrkjum og vinna sjálfböðavinnu að æskulýðsdeildin hefur tæpar 200.000 kr til félagsstarfs komandi vetrar, sem er frábært.